LAUSAFJÁRTRYGGING FYRIR BÆNDUR

Skilmáli nr. 218

Lausafjártrygging fyrir bændur bætir m.a. tjón vegna bruna, óveðurs, umferðaróhapps og raflosts á vátryggðu lausafé, allt eftir því sem nánar er tilgreint í skilmálum. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Vátryggður er vátryggingartaki. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er á vátryggingarskírteininu.

2. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða lausafé sem tilgreint er á vátryggingaskírteini en tekur aldrei til rekstrartaps eða annars óbeins tjóns. Sé ekki um annað samið tekur vátryggingin aðeins til tjóns á lausafé í eigu vátryggðs.

Vátryggingin tekur eingöngu til lausafjár sem tilheyrir búrekstri vátryggðs þar með talið fóður, hey, uppskera og búfénaður nema um annað sé samið.

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns af völdum bruna, eldingar eða sprengingar. Með bruna er átt við eldsvoða, þ.e. lausan eld sem myndar loga og getur breiðst út sjálfkrafa. Með eldingu er átt við varma eða kraftaverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar. Með sprenging er átt við efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna.

Vátryggingin greiðir jafnframt bætur vegna eftirfarandi tjónsatvika:

a. Tjón sem orsakast af því ef hinn vátryggði búfénaður verður fyrir raflosti og drepst.
b. Tjón sem orsakast af því ef hinn vátryggði búfénaður deyr vegna gasmengunar frá mykju og öðrum lífrænum úrgangi frá dýrum.
c. Tjón ef sauðfé eða nautgripir drepast af völdum umferðaróhapps enda fáist tjónið ekki bætt af hálfu tjónvalds eða ábyrgðartryggjanda ökutækis.
d. Skemmdir á gufukatli eða háþrýstisuðukerfi er hlýst af yfirþrýstingi sem myndast óviljandi við venjulega notkun tækisins.
e. Tjón af völdum hraps á loftfari eða hluta sem falla úr loftfari.
f. Skemmdir vegna skyndilegrar sótmengunar frá eldstæði sem ætlað er til að hita upp húsnæði, enda sé gerð eldstæðis í samræmi við lög og önnur opinber fyrirmæli.
g. Tjón sem stafar af slökkvistarfi.
h. Tjón á hinu vátryggða sem verður af völdum óveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða veggi eða fellir hús, sem hið vátryggða er geymt í. Með óveðri er átt við ofsaveður, þ.e. ef vindhraði nær 28,5 m/s samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað. Óveðurstjón á hinu vátryggða sem er úti bætist ekki.

4. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón:

a. Sem ekki verður talið eldsvoði, t.d. þegar hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar.
b. Vegna brunaskemmda sem hljótast af því að hlut er af ásettu ráði stofnað í hættu af eldi eða hita við upphitun, þurrkun, suðu, bræðslu eða öðru þess háttar.
c. Vegna skemmda á raftækjum eða rafeindatækjum af skammhlaupi eða öðrum hreinum rafmagnsfyrirbærum, nema atvikið valdi eldsvoða eða sé bein afleiðing eldsvoða.
d. Vegna brunatjóns á lausafé sem fellur undir lögboðna brunatryggingu fasteigna.
e. Rekstrartap eða annars óbeins tjóns.

5. gr. Sérákvæði um vátryggingarverðmæti búfjárs og fóðurs

Við ákvörðun vátryggingarverðmætis búfjárs og fóðurs skal haft til hliðsjónar viðmiðunarverð samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands.

6. gr. Sérákvæði um eigin áhættu

Tjón á sauðfé vegna umferðaróhapps bætast án tillits til eigin áhættu samkvæmt vátryggingarskírteini.

7. gr. Varúðarregla

Fyllstu varúðar ber að gæta við hirðingu og geymslu fóðurs vegna hættu á hitamyndun og sjálfsíkveikju. Reglubundið eftirlit með hitamælingum og kæling með blásara er nauðsynleg fyrstu vikurnar eftir hirðingu. Sé blásturskæling ekki í hlöðu en hiti kominn í 50-70°C ber að grafa geilar í heyið til að kæla það. Vátryggðum ber einnig að tryggja loftun þegar unnið er við mykju og annan úrgang frá dýrum.

Skilmálar þessir gilda frá 9. júní 2026 og koma í stað skilmála sem giltu frá 2. október 2019.